



Fréttabréf ASPAR



Nóvember 2013

Ábm Ól Ó

Það sem hefur verið að gerast í haust

Nóg hefur verið að gera hjá sundfólki Aspar og hafa þau verið að taka þátt í sundmótum þar hafa keppendur úr Ösp verið að standa sig með mikilli þrýði og verið félaginu til sóma



Keppendur ásamt þjálfara á Erlingsmótinu

Íslandsleikar SPO í fótbolta og frjálsum


Ösp sendi 4 fótboltalið á Íslandsleika SPO í Reykjaneshöllinni 10 nóvember í tveimur getuflokkum og í fyrsta skipti spiluðu með Ösp Lögreglumenn úr Reykjavík



Fjögur fotboltalið Aspar.



Fyrsta og annað sætið Asparlið í getumeiri flokknum í getuminni í þriðja sæti.



Ella Bogga og Haraldur tóku þátt í frjálsum

Þær stelpur sem vilja æfa fótbolta geta mætt í Íþróttahúsi Hlíðarskóla á laugardögum. Kl. 14:00- 15:30

Tónlistarveisla Aspar fór framm í Ölveri Glæsibæ 14 nóvember Þar komu fram Sister-Sister, Ásgeir Kr, Einar Ágúst, Bjarni Töframaður, Ingvar Valgeirsson og Lay Low Kynnir var Gunnar Helgason



Lay Low á Tónlistarveislu Aspar



Einar Ágúst á Tónlistarveislu Aspar

Mót sem eru framundan

Íslandsmót ÍF sund Ásvallalaug 24-25 nóvember

Jólasýning Skautadeildarinnar 7. desember

Jólamót Aspar í öllum greinum 01. –7. Desember og endum með jólakaffi og verðlaunaafhendingu 8. Desember

4. janúar 2014 Nýárssundmót fatlaðra barna og unglinga (Laugardalslaug)

Íslandsmót ÍF í öllum greinum 11-13 apríl 2014

Bikarmót ÍF sund 25m 7. Júní 2014

Minningarkort íþróttafélagsins

Fást hjá styrktarfélagi vangefinna, eða í síma 5539964 og hver og einn ræður þeirri upphæð, sem hann vill minnst einhvers með.

132 132 132 132

Getraunanúmer Aspar er 132 ef þið tippið í getraunum, þá ættuð þið að nota þetta félagsnúmer á getraunaseðla. Og aðrir sem lesa þetta fréttabréf og eru ekki að styrkja eitthvað félag ættu að nota 132 félagsnúmer á getraunaseðla.

netfang www.ospin@ospin.is

Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu og frjálsum íþróttum, fóru fram í Reykjaneshöllinni, Reykjanesbæ 10.

nóvember. Keppt var í knattspyrnu og frjálsum íþróttum.

Í fyrsta skipti á Íslandsleikum var keppt alfarið skv. reglum Unified football þar sem lið eru skipuð fötluðum og ófötluðum leikmönnum. 4 fatlaðir og 3 ófatlaðir leikmenn kepptu og m.a. þeirra sem tóku þátt voru lögreglumenn og framhaldsskólanemendur. Alls kepptu 9 lið og voru keppendur frá íþróttafélaginu Nes, Suðurnesjum, Ösp Reykjavík, Þjóti Akranesi og Suðra Selfossi. Einnig var keppt í frjálsíþróttum, fyrirhugað var að keppa í víðavangshlaupi og kúluvarpi en víðavangshlaup var fært inn í Reykjaneshöllina vegna veðurs.

Umsjónaraðili leikanna 2013 var íþróttafélagið Nes á Suðurnesjum. Dómgæsla var í höndum dómara frá Knattspyrnudeild Keflavíkur og Guðni Kjartansson, íþróttakennari og knattspyrnuþjálfari sá um upphitun. Special Olympics leikar eru fyrir folk með þroskahömlun og þar gilda engin lágmark, allir geta verið með byrjendur sem lengra komnir. www.specialolympics.org

Úrslit í knattspyrnu eru á heimasíðu KSÍ <http://www.ksi.is/mot/motalisti/urslit-stada/?MotNumer=31824>
<http://www.ksi.is/mot/motalisti/urslit-stada/?MotNumer=31823>

Úrslit í frjálsíþróttum verða á heimasíðu ÍF

Special Olympics á Íslandi tók nú fyrsta skipti þátt í alþjóðlegu verkefni Special Olympics sem byggir á samstarfi við lögreglumenn. (LETR - Law enforcement Torch Run) Kyndilhlaup lögreglumanna hefur verið sett upp í tengslum við Evrópu og alþjóðaleika Special Olympics og Ísland, fyrst Norðurlanda stóð nú fyrir slíku hlaupi. Enska heitið er „Flame of Hope“ eða „Logi Vonarinnar“. Lögreglumenn frá Suðurnesjum og Reykjavík hófu hlaupið frá lögreglustöðinni í Reykjanesbæ þar sem kyndillinn var tendraður og þeir hlupu síðan með hann um Reykjanesbæ og í Reykjaneshöllina þar sem lögreglustjórinn á Suðurnesjum mælti nokkur orð og sá um að tendra eld leikanna ásamt Sigurði Guðmundssyni, keppanda í knattspyrnu. Umsjónarmaður LETR f.h. Special Olympics á Íslandi er Guðmundur Sigurðsson, rannsóknarlögreglumaður en hann er einnig formaður íþróttafélagsins Ness. Guðmundur þekkir vel til alþjóðaleika Special Olympics en hann var viðstaddur leikana í Aþenu 2011 þar sem sonur hans keppti í knattspyrnu. Guðmundur hefur

verið valinn í hóp lögreglumanna frá Evrópulöndum sem munu hlaupa með kyndilinn fyrir Evrópuleika Special Olympics árið 2014 í Belgíu.

Nánari upplýsingar um Law enforcement torch run

http://www.specialolympics.org/Sections/Donate/Special_Olympics_Torch_Run.aspx



Íslenski hópurinn á NM í sundi í Svíþjóð



Gunnar Helgason ásamt Sister Sister sem spiluðu á Tónlistarveislu Aspar



Verðlauna afhending í frjálsum formaður ÍF ??? Haraldur og Lögreglustjórinn í Reykjavík



Karen Axels á NM í sundi í Svíþjóð



Keppendur úr Ösp og Lögreglumenn úr Reykjavík sem spiluðu með Asparliði.